| | |
|---|---|
| **Búið til – útg.** | 30. júní 2015 |
| **Námsgrein** | Nýnemafræðsla |
| **Titill** | Nýnemafræðsla |
| **Skammstöfun** | NEMI1AA01 |
| **Viðfangsefni** | Nýnemafræðsla |
| **Staða áfanga** | Samþykkt af skóla |
| **Þrep áfanga** | 1 |
| **Einingafjöldi áfanga** | 1 |
| **Lýsing áfanga** | Áfanginn er ætlaður nýnemum. Nemendur læra á húsnæði skólans, tölvukerfi, bókasafn o.fl. Markmið áfangans er að vekja nemendur til vitundar um að þeir beri sjálfir ábyrgð á námi sínu. Nemendum er kennt að finna styrkleika sína og gera sér raunhæfa áætlun um námsferil og samsetningu námsins með tilliti til framtíðaráætlana í námi og starfi. Nemendur fá fræðslu um þá möguleika sem í boði eru hvað varðar námið og læra að halda utanum eigin námsferil. Nemendur læra reglur skólans og lögð er áhersla á að nemendur virði þær. Leitast er við að efla nemann sem einstakling og námsmann. Farið er yfir ábyrga hegðun í skóla, einkalífi og á netmiðlum. |
| **Forkröfur áfanga** | Áfangi tekinn á fyrstu önn – fyrir nýnema |
| **Þekkingarviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**<br>• utanumhaldi á eigin námsferli<br>• mögulegum námsleiðum innan skólans<br>• vali og samsetningu eigin náms<br>• mikilvægi þess að stunda námið af samviskusemi<br>• mikilvægi þess að sækja skólann af samviskusemi |
| **Leikniviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**<br>• skipuleggja eigin námsferil<br>• halda utanum eigið nám<br>• gera áætlanir varðandi námið<br>• bregðast við ef eitthvað fer öðru vísi í náminu en ætlað er<br>• leita aðstoðar |
| **Hæfniviðmið** | **Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:** |

| | |
|---|---|
| | • velja nám við hæfi<br>• taka nýjar ákvarðanir og breyta um stefnu ef svo ber undir<br>• ganga vel um eigur skólans og fara að reglum |
| **Námsmat** | Námsmat er nánar tilgreint á kennsluáætlun |